**Þeir sem sögðu fagmennsku í meðallagi frh.**

- Með því að auka þekkingu.
- Með því að hafa fagmennskuna að leiðarljósi en ekki pólitík.
- Með því sinna Vestfjörðum betur s.br. Teigsskóg og Dynjandisheiði. Göng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar eru líka mjög aðkallandi.
- Meira fjármagn.
- Meiri sérþekking/fagþekking. Auknar fjárveitingar til vegagerðar nauðsynlegar svo hún geti rækt sínar skyldur betur.
- Menntun.
- Merkja betur.
- Merkja framkvæmdir betur.
- Nota ekki slitlag sem verður að sleip-lagi og hendir manni út af hringtorgum? Ekki vera svona lengi að laga vegi í dreifbýli? Láta fólk keyra minna.
- Nota utan aðkomandi ráðgjafa meira þar sem það á við. Þjálfa starfsmenn betur í hvernig á að merkja vinnusvæði. Taka merkingar niður eða fela þegar enginn er að vinna.
- Nú er ég ekki góð í þessu, en alltaf er gott að vanda sig og velja góða fagmenn. Á Íslandi eru störf ekki alltaf aulýst til að ná í gott fólk, heldur ráðið í gegnum kunningsskap og mér finnst það að aukast. Endurmenntun starfsfólks og heimsóknir til annarra landa til að auka víðsýni og fylgjast með. Láta lélega forstjóra fjúka, en ég veit ekki hvernig það er hjá Vegagerðinni. Veit um nokkra góða starfsmenn þar. :).
- Nútímavæðast.
- Setja viðvörunarmerki upp þegar er við hæfi og TAKA svo niður þegar vinnan er búin.
- Sneggri að bregðast við að laga holur í vegum, dæmi um að margir bílar sprengi dekk á sömu holu.
- T.d. að laga vegi a nóttunni eða þegar það er ekki mesti umferðartiminn.
- Taka mark á upplýsingum staðkunnugra vegna vindátta og snjóalaga.
- Taka tillit til þeirra sem þekkja til.
- Vanda betur val á verktökum sem fá verkin það eru þeir sem eiga að setja upp aðvörunar merkin og taka þau niður þegar við á. Leggja meira upp úr betra slitlagi og meiri endingu. Svo er nú kominn tími til að Íslendingar fari að leggja vegi eins og aðrar þjóðir malbik og steypa og varanlegra undirlag.
- Vegagerðin vinnur augljóslega að stórum hluta eftir opinberum ákvörðunum og þær eru eðlilega ekki alltaf þær sem allir eru sammála um. Við þokumst áfram samt. En eflaust væri hægt að auka eitthvað. Verktakar Vegagerðarinnar eða starfsmenn í þjónustuhlutverkum svo sem mokstri og stikuþrifum eru hins vegar ófaglegur hópur því munurinn milli landshluta er of sýnilegur. Ef fólk byr úti á landi eða keyrir mikið þangað er þetta augljóst.
- Veit ekki hvað hún gæti bætt fagmennsku. Aðal atriðið er að ökumenn aki miðað við aðstæður.
- Veit ekki, kannski breikka þjóðvegi, og fjölga akbrautum í Reykjavík. Umferðin er orðin algjört rugl.
- Veit ekki.
- Veit það ekki.
- Vera á ferðinni á vetrum.
- Viðhalda betur malbyki.
- Væntanlega með meira fjármagní.
- Það þarf að bæta ferlin í kring um framkvæmdir, staðla betur frágang og merkingar. Sumt er bara skamarlega gert.
- Þau gætu lagað vegina.

Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Þeir sem sögðu fagmennsku í meðallagi frh.**

- Þeir verða að spyrja sig sjálfir að því. Ég tel reyndar vegagerðin endurnýja eins og hugsað sé aftur en ekki áfram samanber endurnýjun á Hellisheiði. Hefði þurft tvöföldun alla leið.
- Þeir verða að trúa vegfarendum.
- Þekki ekki það vel til vegagerðarinnar að ég geti dæmt um fagmensku þeirra en er viss um að þeir eru að gera sitt allra besta.
- Þekki það ekki.

Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Þeir sem sögðu fagmennskuna fremur mikla**

- Að fækka einbreiðum brúum. Auka upplýsingaflæði um almennar framkvæmdir.
- Að nota betra efni í bundið slitlag. Ég er litblindur. Litakóðar varðandi færð á heimasíðunni geta valdið mér ruglingi.
- Allt er spurning um fjármagn. Við vegavinnu og aðrar framkvæmdir má merkja betur og útskýra hvað sé framundan og hvenær vinnusvæði sé lokið. Þetta myndi tryggja öryggi vegfarenda og starfsfólks á vinnustað.
- Alltaf hægt að gera betur.
- Auka fjármagn svo þau getir halfið við vegum.
- Auka fjármagn.
- Aukið fjármagn.
- Aukið fjármagn. Vegagerðin gerir eins vel og hún getur með það fjármagn sem hún fær.
- Aukin fjárframlög.
- Blikkljós þegar maður kemur að framkvæmdum, þá hægir fólk frekar á sér.
- Bæta merkingat.
- Bæta upplýsingar og merkingar.
- Bæta vegakerfið enn meira, vinna frekar á næturna en daginn.
- Bæta/auka þarfagreiningar og fara eftir þeim frekar en pólitískum þrýstingi.
- Ekki hugmynd.
- Er bara ekki nógu kunnug því :D.
- Erfitt nema með auknum fjárveitingum.
- Ég hef fulla trú á Vegagerðinni og finnst þeir gera þau verk vel og af fagmennsku sem þeir ná að sinna. Stærsta vandamálið er skortur á meira fjármagni til Vegagerðarinnar sem myndi auðvelda þeim að sinna brýnum verkefnum.
- Fagmennska er góð hjá Vegagerðinni hvað vegi snertir, en lakleg þar sem Vegagerðin er einnig með siglingar á sinni könnu.
- Fjölga jarðfræðingum.
- Fylgja lögum og reglum, sýna kurteisi og forðast allan yfirgang.
- Gefa meiri gaum að hættulegum vegarköflum.
- Hef ekki skoðun.
- Hef ekki vit á því.
- Held að fagmennskan sé ágæt, gætu kynnt sig betur. Þeir þurfa bara meira fjármagn til að geta lagað og bætt það sem þarf í vegakerfinu.
- Held þetta sé allt fagfólk sem þarf að spila úr þeim fjármunum sem þeim er skammtað.
- Kannski væri hægt að leggja meira í rannsóknarvinnu innan stofnunarinnar svo hún geti bætt vegavinnu. Það helst jú hendur við aukin fjárútlát frá ríkinu svo ekki hægt að segja að Vegagerðin standi sig ekki.
- Kynna Vegagerðina.
- Með auknu fjárframlagi.
- Með auknu fjármagni svo hægt sé að sinna málum betur.
- Með auknu fjármagni.
- Með auknum útboðum og fjármagni.

Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Þeir sem sögðu fagmennskuna fremur mikla frh.**

- Með betri og hraðari fræmkvæmdum og betri merkingum.
- Með samtali við vegfarendur.
- Með sýnilegri ráðleggingum.
- Með vegum úr betra efni, sem endast betur. Tvöföldun á hættulegum vegarköflum.
- Með því að auka fjárframlag til stofnunarinnar.
- Með því að láta fagfólk stjórna vegagerðinni, ekki pólitíska dýralækna.
- Með því að láta þá hafa meira fjármagn.
- Með því að spyrja fyrirfram vegfarendur hvenær væri best að sinna viðhaldi ofl.
- Með því að vera sýnilegri.
- Með því til dæmis að vera meira krefjandi við fréttastofur um að koma upplýsingum á framfæri þegar lokanir eru gerðar vegna viðhalds og eða lokanir vegna veðurs.
- Meira fjármagn.
- Meiri menntun samhliða almennri skynsemi !!!
- Meiri upplýsingar.
- Nota gæðaefni en spara þar.
- Pass.
- Tvöfalda Kjalarnesið.
- Upplýsingum.
- Veit ekki, í dag er mun betur gengið frá köntum en áður var.
- Veit ekki.
- Veit það ekki.
- Veita meira fé til hennar.
- Það er ekki Vegagerðin sem er vandamálið en vegirnir á sunnanverðum eru til skammar og langt á eftir vegum annars staðar á landinu.
- Það þarf að auka fjárframlög til vegagerðar, að öðrum kosti geta þau ekki unnið af meiri fagmennsku.
- Þegar stórt er spurt, en oft á tíðum eru tilsvör vegagerðarinnar í hroka stýl... alla vega ef maður þarf að eiga við holugerðina í Borgarnesi.
- Þeir hljóta að vita hvað þeir eru að gera.
- Þekki ekki nógu vel til starfseminnar til að meta það.

## 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög framsýna (5) | 22 | 2,9% |
| Fremur framsýna (4) | 151 | 20,1% |
| Í meðallagi framsýna (3) | 388 | 51,6% |
| Ekki framsýna (2) | 145 | 19,3% |
| Alls ekki framsýna (1) | 46 | 6,1% |
| Samtals | 752 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 107 | 12,5% |
| Heildarfjöldi svarenda | 859 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 2,94 |
| Vikmörk (±): | 0,06 |
| Staðalfrávik: | 0,85 |






## 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

| | Mjög framsýna (5) | Fremur framsýna (4) | Í meðallagi framsýna (3) | Ekki framsýna (2) | Alls ekki framsýna (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 2,9% | 20,1% | 51,6% | 19,3% | 6,1% | 2,94 | 0,03 |
| **Kyn** | | | | | | | |
| Karl | 4,1% | 23,7% | 44,0% | 20,7% | 7,4% | 2,96 | 0,07 |
| Kona | 1,5% | 15,8% | 60,3% | 17,8% | 4,5% | 2,92 | -0,02 |
| **Aldur** | | | | | | | |
| 18-29 ára | 3,5% | 16,6% | 52,3% | 21,1% | 6,5% | 2,90 | -0,01 |
| 30-39 ára | 1,7% | 15,8% | 55,8% | 19,2% | 7,5% | 2,85 | 0,08 |
| 40-49 ára | 0,9% | 19,3% | 56,0% | 16,5% | 7,2% | 2,90 | 0,09 |
| 50-59 ára | 4,6% | 20,5% | 50,7% | 20,1% | 4,1% | 3,02 | 0,05 |
| 60 ára og eldri | 3,7% | 28,4% | 43,5% | 19,4% | 5,0% | 3,06 | -0,03 |
| **Búseta** | | | | | | | |
| Reykjavík | 2,6% | 20,8% | 50,3% | 19,5% | 6,7% | 2,93 | 0,03 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 4,0% | 18,2% | 53,5% | 19,1% | 5,2% | 2,97 | -0,01 |
| Önnur sveitarfélög | 2,5% | 20,6% | 51,5% | 19,3% | 6,1% | 2,94 | 0,05 |

# 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

| | Mjög framsýna (5) | Fremur framsýna (4) | Í meðallagi framsýna (3) | Ekki framsýna (2) | Alls ekki framsýna (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 2,9% | 20,1% | 51,6% | 19,3% | 6,1% | 2,94 | 0,03 |
| **Kjördæmi** | | | | | | | |
| Reykjavík-Norður | 2,8% | 18,1% | 45,1% | 25,0% | 9,0% | 2,81 | -0,09 |
| Reykjavík-Suður | 2,3% | 24,6% | 57,5% | 12,1% | 3,6% | 3,10 | 0,20 |
| Suðvestur | 4,0% | 18,2% | 53,5% | 19,1% | 5,2% | 2,97 | -0,01 |
| Norðvestur | 1,7% | 17,7% | 59,3% | 16,0% | 5,3% | 2,95 | 0,16 |
| Norðaustur | 3,1% | 25,4% | 53,3% | 17,3% | 1,0% | 3,12 | 0,03 |
| Suður | 2,4% | 18,3% | 46,8% | 22,2% | 10,2% | 2,80 | 0,07 |
| **Menntun** | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 2,4% | 20,9% | 58,9% | 12,3% | 5,6% | 3,02 | 0,23 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmen.. | 3,4% | 19,1% | 47,3% | 21,4% | 8,7% | 2,87 | -0,09 |
| Háskólapróf | 1,8% | 20,2% | 52,3% | 20,8% | 4,9% | 2,93 | 0,01 |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 4,3% | 10,7% | 55,6% | 26,3% | 3,2% | 2,87 | 0,05 |
| 400-549 þúsund | 1,8% | 22,7% | 58,5% | 13,7% | 3,3% | 3,06 | 0,18 |
| 550-799 þúsund | 0,8% | 27,0% | 44,9% | 18,5% | 8,9% | 2,92 | -0,07 |
| 800 þúsund eða hærri | 2,6% | 20,5% | 50,1% | 18,9% | 7,9% | 2,91 | 0,01 |

## 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

| | Mjög framsýna (5) | Fremur framsýna (4) | Í meðallagi framsýna (3) | Ekki framsýna (2) | Alls ekki framsýna (1) | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 2,9% | 20,1% | 51,6% | 19,3% | 6,1% | 2,94 |

**Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?**

| | Mjög framsýna (5) | Fremur framsýna (4) | Í meðallagi framsýna (3) | Ekki framsýna (2) | Alls ekki framsýna (1) | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Jákvæð(ur) | 6,2% | 35,8% | 50,7% | 7,4% | | 3,41 |
| Í meðallagi | 0,4% | 9,3% | 63,2% | 23,0% | 4,1% | 2,79 |
| Neikvæð(ur) | 0,9% | 6,8% | 26,8% | 39,9% | 25,6% | 2,17 |

## Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina alls ekki framsýna**

- Að framkvæma eftir þörf og getu breytingar á vegakerfi eftir fjölda bifreiða.
- Átt sig betur á þeirri byltingu sem er nauðsynleg er til að þróa samgöngumáta með umhverfisvænni hætti.
- Bjóða meira út til einkaaðila.
- Breyta vegakerfinu í takt við fjölgun bíla í umferðinni.
- Er málið ekki bara að huga að því hvernig eigi að haga samgöngum í framtíðinni frekar en að vera sífellt að slökkva sömu elda?
- Hefja alvöru vegagerð. Leggja veg rífa hann upp eftir 5 ár og bæta. Sem gengur í 5 ár. Svona vinnur Vegagerðin. Svo leggja vegi 2+1 !!! Aumingjaskapur! Lélegustu vegir sem til eru!!!Eru á Íslandi.
- Horfa fram á veginns,skipuleggja sig og ekki vera ávalt í viðbragðs verkefnum sem allt í einu verður að laga strax.
- Horfa til landa i kringum okkur.
- Hugsa fram í tímann og gera 2x2 akreinar í staðinn fyrir að gera 1x2. Aðeins dýrara í upphafi en er þá til frambúðar og þá þyrfti ekki að taka allt upp eftir einhver ár og gera þessa fjórðu akrein.
- Hætta þessu 2+1 kjaftæði, og tvöfalda strax.
- Laga vegina sem eru mest notaðir fyrst.
- Leggja veg þar sem hann getur verið til meira en 10-15 ára það á ekki að þurfa að færa vegi 2-3 á hverjum 50-60 árum.
- Með því að nota betri efni við vegi landsins.
- Meira á veginum.
- Nánast öllu.
- Nota nútímanleg efni sem eru dýrari en endast betur, í stað þess að vera alltaf að nota´ódýrt og plástra og plástra.
- Of fáar akreinar skapa hættu og umferðaöngþveiti. Hugsa fram í tímann...
- Reka afæturnar og ráða alvöru stjónendur.
- Sýna það í verki að þau séu ekki „nátttröll".
- Taka tillit til allrar umferðar, ekki bara akandi.
- Teikna ekki vegakerfið með rassgatinu.
- Til dæmis taka yfir neitunarvald Dags meirihlutans. Sundabraut átti að koma fyrir 20 árum. 100% skammsýni.
- Vera með skýra sýn hvernig vegakerfi landsins á að vera eftir 1 ár, eftir 5 ár og eftir 10 ár. Hvað þarf til að komast þangað? Hætta að hanna lausnirnar sjálf en einblína frekar á að ákveða stefnuna og láta aðra sérfræðinga um hönnunina.
- Þyrfti líklegast að byrja á því að reka ALLA sem stjórna þessu batteríi akkurat núna og ráða fólk sem hefur allavega snefil af skipulagi og verkviti!

Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina ekki framsýna**

- Að hafa tillögur tilbúnar til útboðs hvar sem er á landinu þó ekki sé til fjármagn til vegagerðar. Ekki bíða eftir að fjárlagafrumvarpi og fara þá að vinna í tillögum.
- Að sjá meira en 5 ár fram í tímann.
- Auka fjármagn.
- Auka víðsýni.
- Átta sig á því að umferð eikst.
- Betri undirbúningur fyrir mörg verk.
- Búin að skrifa þá athugasemd, en bæti við fá erlenda sérfræðinga óháða Vegagerðinni til að koma með tillögur um úrbætur og gefa opinbera skýrslu um það sem miður fer og tillögur um úrbætur. Kynnt á opnum fjölmiðlafundi.
- Byrja að vinna faglega, mennta starfsmenn frá botni til topps.
- Byrja á að breyta þjóðvegi Íslands sem fyrst svo hann yrði tvíbreiður vegur um allt land.
- Bæta aðstöðu gangandi og hjólandi vegfaranda á vegum landsins.
- Bæta vegamerkingar. Bæta aðgengi hjólandi og gangandi. Taka ekki alltaf pláss frá gangandi við gatnaframkvæmdir.
- Ef Vegagerðin væri framsýnni og velti betur fyrir sér heildarmyndinni, væri kannski minna um „reddingar“ og að „bjarga fyrir horn“ verkefnum. Undarlegt þegar þekktir, stórhættulegir vegakaflar, fá að vera það, óáreittir, ár eftir ár.
- Ég hugsa, eða það lítur þannig út, að samkvæmt fjár- og verklagi Vegagerðarinnar þá sé erfitt að vera framsýnn og fagmannleg. Það eru sennilega of mörg verkefni á of litlum tíma með of slakt skipulag með of litlum peningum.
- Fara að átta sig á að 2+1 er ekki sparnaðarleið til lengri tíma, ekki frekar en að pissa í skóna sína.
- Fá fagmenn til starfa ekki pólitíska vinavæðingu.
- Fá ópólitíska menn í stjórn.
- Flýta fyrir því að einbreiðum brúm sé fækkað. Kynna opinberlega 20 ára áætlun og byrja að fara eftir henni.
- Gera götur í nýjum hverfum strax góðar til að taka við umferð í samræmi við skipulag. T.d. byggingar við menntaveginn.
- Gera ráð fyrir aukinni umferð í þéttbýli og greiða fyrir henni.
- Geri mér grein fyrir það allt sem vegagerðin gerir og gerir ekki er háð fjárveitingum. En mér finnst oft undarleg forgangsröðun, maður keyrir breiða og vel hannaða vegi á svæðum þar sem umferð er lítil eða í meðallagi en præðir þrönga krákustíga á vegum þar sem umferð er mikil og erfið. Það þarf að huga meira að hversu fjölfarnir vegirnir eru. Það er mikið af góðum áningastöðum/stoppistöðum við vegina t.d á Austfjörðum en á veginum þar sem ferðamennirnir eru er nánast hvergi hægt að stoppa.
- Gott væri að taka meira mark á umhvefissjónarmiðum en ekki alltaf að skoða hagkvæmni.
- Hafa 3 akreinar í báðar áttir, ein þeirra fyrir þungaflutninga.
- Hlusta.
- Horfa meira til þeirra bifreiða sem eru að koma a vegina og búa sig undir þa með betri merkingum.
- Horfa til lengri tíma.
- Huga betur að umhverfinu, gangandi og hjólandi umferð þegar vegir eru lagðir eða möguleikar skoðaðir.
- Hugsa lengra fram í tímann, nokkuð augljóst.
- Hugsa meira um öryggi vegfarenda og breikka götur.

Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina ekki framsýna frh.**

- Hugsa um hvað nýtist best atvinnuleysi séð ekki hvað menn eru fljótir í búð.
- Hætta að vera í núinu og hugsa lengra fram í tímann.
- Hætta velta ákveðnum umbótum fyrir sér í áratugi, framkvæma hluti eins og stærri vegtengingar, s.s. sundabraut, ofanbyggðaveg ofl. Einnig leysa umferðarvanda „núna“ með breikkun vega, stokkum fyrir gegnum hverfa umferð (svona innanborgar veggöng sem leysa vanda fyrir helming þjóðarinnar í stað lítils hluta) o.fl. Ekki bara einblína á hvernig á að fækka bílum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem íslenskt veðurfar hefur þau áhrif að flestir hefðu engan áhuga á að taka strætó eða borgarlínu...
- Hætta þessu bútasaumi í viðgerðum á vegum.
- Líta fram á veginn. Gera ráð fyrir aukinni umferð í 101 fyrst bjánarnir í borgarstjórn gera það ekki. Annars held ég að Vegagerðinni verði ekki um kennt hvernig farið er. Það er búið að vera viðvarandi fjársvelti þar í 10 ár eða meira.
- Losa sig við Dýralæknana (Ráðherrann þar með).
- Menn þurfa að hugsa 40 ár fram í tíman.
- Mörg smáatriði svo sem merkingar.
- Nota betri efni í vegina.
- Nota dýrari malbygg sem endist lengur. Götur orðnar lélegar mjög fljótt.
- Nota endingarbetra efni í malbik.
- Nota meira þarfagreiningar og ferðamannafjöldaspár og mannfjöldaspár.
- Nútímavæðast.
- Nýta tölfræðilegar upplýsingar.
- Sinna þéttbýli.
- Sjá fyrir um aukna umferð og vera búin að gera ráðstafanir til að mæta því með 2x2 akreinum að minnsta jafnvel 3x3 eða meir á höfuðborgarsvæðinu til að halda þægilegu flæði á álagstímum!
- Skipuleggja framkvæmdir lengra fram í tímann og framkvæma þær og auglýsa.
- Spyrja til vegar hjá nágrannalöndum þar sem veðurfar er svipað og þar sem samgöngur liggja bæði um sjó og land.
- Sýnilegri.
- Taka upp alvöru vegagerð, hætta að koma með „ódýrar“ lausnir eins og 2+1 vegi. Vegagerðin sparar en almenningur borgar í fleiri slysum og töfum.
- Tala hreint út um framtíðaröryggi en minna um sparnað og að væla minna um að geta ekki t.d. haft 2+2 þar sem vegagerðin lendir með 1+2 sem alltaf er til lengdar óhagkvæm bráðabyrgðalausn hlaðið slysahættum.
- Tvöfalda vegi landsins, Sundabraut, aðra leið til Keflavíkur (tengja Vesturlandsveg og Reykjanesbrautina austan við borgina).
- Útrýma einbreiðum brúm. Laga holur strax og þegar vitað er um þær, þær lagast ekki með tímanum. Betri merkingar á vegum almennt.
- Veit ekki.
- Vera með góða framtiðarsýn, ekki skammtímasýn.
- Viðhorf þeirra til borgaranna þarf að vera með gagnkvæmri virðingu, ekki yfirgangi og frekju.
- Það þarf aukið fé í málaflokkinn svo raunveruleg framtíðarsýn þar sem metnaðarfull verkefni verða að veruleika, verkefni sem hafa það að markmiði að maður upplifi sig öruggan á vegum landsins - það gerir maður ekki í dag.
- Þetta snýst held ég meira um að nýta þá peninga vel sem eru til að spila úr. Svo þyrfti að auka það fjármagn sem tekið er af bíleigendum og á að heita til vegagerðar en nýtt er í eitthvað alls óskylt. Það er alveg sama hversu framsýnn maður er ef það er ekkert fjármagn til að hrinda bráðnauðsynlegum

## Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina í meðallagi framsýna**

- 2+2 á fleiri stöðum í stað 2+1.
- Að vera með heildstæðari áætlun með hvað eigi að framkvæma og hvar og standa við það.
- Afhverju eru enn einbreiðar brýr og afhverju eru ekki 2 akreinar í baðar attir allan hringinn.
- Auglýsa árlega eftir ábendingum um viðgerðir t.d á vorin og haustin og leyfa fólki að merkja inn á kort á netinu hvar viðgerð vantar, útskýringar, og merkja inná hættustig/alvarleika.
- Auka viðhald vega í alla staði, eins og að fylla reglulega í holur áður en komið er í óefni.
- Aukið fjármagn, ekki byggja 2+1 vegi þegar auðséð er að þeir þurfa að verða 2+2 innan fárra ára.
- Aukinn kraft í viðhald og uppbyggingu, en fjármagn virðist skorta.
- Betra skipulag á framkvæmdum.
- Betri kynning á verkefnum og forgangsröðun.
- Betri langtímaáætlanir og öruggt að verði fjármagnaðar í raun.
- Breikka mjóa vegi.
- Èg hef mjög litla þekkingu á störfum og markaðssetningu Vegagerðarinnar.
- Einkavæða.
- Ekki veit ég neitt um það en fékk samt símtal vegna einbreiðrar brúar fyrir nokkrum árum kannski er verið að vinna í breytingu en þá er verkhraði mjög hægur.
- Erfitt þegar fjármagn er alltaf skorið niður.
- Ég veit það ekki. Það vantar einn link, veit ekki.
- Ég vil sjá meira af útafstæði fyrir þá sem eru að halda áfram þegar bílar sem eru á undan þér ætla að taka beygju til vinstri. Það er komið víða eins og t.d. við Skóga en þetta þarf að vera allstaðar þar sem útsýnisstaðir eru og taka burtu þessar einbreiðu brýr.
- Fá inn nýtt og ferskt blóð !
- Fá meira fjármagn.
- Fá meira framkvæmdar fé.
- Fá meiri peninga.
- Fá meiri völd varðandir skipulag verkefna til lengri framtíðar. Fækka þeim aðilum sem geta komið eftir að ákvarðanir eru teknar, komið og breytt framkvæmdaröðinni eða stöðvað framkvæmdir.
- Flýta gerð tvibreiðra brúa. Breikka vegi til að hjólandi umferð gangi. Síðan þarf ríkið að passa að bílaleigur krefji erlenda leigutaka um alþjóðleg ökuskírteini.
- Forgangsraða verkefnum meira.
- Forgangsröðun.
- Framkvæma það sem um er talað í fjölmiðlum.
- Framsýni er ekki að fara í einkaframkvæmdir því það verður mikið dýrara. Lagfæringar á vegum eru mjög dýrar en ef til vill er hægt að endurbyggja vegi og skipta akgreinum meira með vegriði.
- Framtíðarsýn í öllu sem lýtur að umhverfi og náttúru ætti að vera í fyrirrúmi.
- Fylgjast betur með því sem er að gerast. Það er nú svolítið síðan að Landeyjahöfn var tekin í notkun þá gleymdist alveg að reikna með aukinni umferð í gegnum Selfoss, ég var staddur þar þessa helgi og þá sá maður alla þessa umferð fara um þessa einu akrein þegar farið er yfir brúna og út úr hringtorginu. Þarna hefur planið eithvað klikkað.
- Fylgjast vel með annars staðar og gera góðar áætlanir með besta fólkinu og svo þarf örugglega meira fé inn í geirann.

Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina í meðallagi framsýna frh.**

- Gera fleiri athuganir á þróun byggðamála og skipuleggja út frá því.
- Gera nýja vegi ódýrari og þannig að hraðar gangi að koma bundnu slitlagi á alla vegi.
- Hafa breiðari vegi.
- Hef ekki góða hugmynd að deila með þeim í þeim efnum enda ekki mjög vel að mér í þessum fræðum.
- Heimta að þeir skattar sem lagðir eru á bílaeigendur skili sér til þeirra. Huga að því að tvöfalda hringveginn.
- Hlusta.
- Horfa betur til næstu 50 ára og skipuleggja langt fram í tímann þannig að byggð sé ekki fyrir helgunarreitum vega framtíðarinnar.
- Horfa fram í tímann þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir.
- Horfa lengra til framtíðar.
- Horfa til styttingar á vegum,skoða nýjar veglínur og koma bundnu slitlagi á vegi. Hönnun vegamóta í dreifbýli.
- Hugsa lengra fram i tímann og halda plani. Ekki t.d. gera við hluta vegar út á landi, fara svo með öll tæki og koma seinna og gera hinn hlutann. Spurning að sleppa því að henda pening út um gluggann og framkvæma með skynsamlegum hætti. Huga betur að landsbyggðinni og kannski klára þjóðveg 1.
- Hugsa lengra fram í tímann.
- Hugsa um vegagerð til lengri tíma.
- Kann ekki að svara þessu.
- Laga Landeyjarhöfn??
- Laga viðhald vega.
- Leita í reynslu sambærilegra fyrirtækja ytra.
- Líklega er Vegagerðin nú þegar búin að breyta þessu, en mér fannst hún of lengi byggja einbreiðar brýr, einbreið jarðgöng, of mjóa vegi og vegrið vantaði of víða.
- Læra af nágrannaþjóðum.
- Með meira fé til framkvæmda og áætlun til lengri tíma.
- Meira eftirlit á vegum á álagi svo og mestu slitflötum svo bregðast megi reglulega við því sem þarf að laga.
- Meira fjármagn til vegagerðar svo hægt sé að gera varanlega vegi í sveitum og breikka brýr.
- Meira fjármagn.
- Meiri aðgát í umhverfismálum.
- Meiri peningar.
- Mér finnst vanta að við lögum og breikkum vegi (tvíbreiða)á fleiri stöðum, mikil túrista umferð og slysahætta mikil. En kannski ráða stjórnvöld ferðinni hér.
- Nota samfélagsmiðla að meiri mæli, notast við app.
- Peningar.
- Sama var og áður meira fjármagn leiðir til þess að skjótar er hægt að vinna að úrlausnarefnum og horfa þá meira til framtíðar.
- Setja vegina sem mest eru keyrðir í forgang.
- Skipuleggja lengra fram í tímann ef svo er gert þarf að kynna það betur.
- Skoða betur fjölbreytta ferðamáta í þéttbýli.
- Snýst meira um fjárveitingar heldur en viðhorf stjórnenda myndi ég ætla.
- Tímarnir eru að breytast núna vegna þess að fólk er loksins að valna gil vitundar um hamfarahlýnun. Við erum bundin af samningum eins og Parísarsamkomulaginu. Allar ákvaðanir verður að taka með hliðsjón af þessu og með augun á tilverurétti ófæddra kynslóða bæði mennskra og ómennskra vera (gróðurs og dýra).

## Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina í meðallagi framsýna frh.**

- Upplýsa betur um framkvæmdir.
- Vegagerðin er ekki fyrirtæki og þessar spurningar passa því frekar illa. Vegagerðin er bara verkfæri til að sinna vegagerð og viðhaldi og stendur sig nákvæmlega jafn vel og hún fær fjármuni og starfsfólk til að gera. Ef hún fær fjármuni fyrir líkanagerð þá verður hún framsýnni.
- Vegagerðin vinnur sín verk vel en hún er háð peningum frá ríkinu til framkvæmda, veit ekki með framsýnina, hver er framsýnn, eruð það þið sem semjið spurningarnar í þessari könnun?
- Veit ekki.
- Veit það ekki.
- Við þurfum fleiri langtímaáætlanir varðandi uppbyggingu vega, bæði þjóðveg og í þéttbýlum. Sýnilega áætlun s.s. og það er þá á forræði ríkisstjórna að veita fjármuni eða ekki og ef Vegagerðin fær ekki þá fjármuni sem hún þarf þá getur hún bent á að langtímaáætlun muni seinka enn fremur og upplýsa almenning um stöðu mála reglulega sjónrænt til dæmis.
- Viðhalda betur heimreiðum á sveitabæi.
- Vinna með heimamönnum og þiggja ráð/leiðbeiningar um lagningu vega. Aðskilja akstursstefnu svo ekki verði árekstrar. Jarðgöng til að spara til framtíðar.
- Þad fer eftir fjármagni sem hún fær Umhverfismat tefur mikið fyrir framkvæmdum hér á landi.
- Þekki það ekki.
- Þyrfti meira fjármagn.

Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina í meðallagi framsýna frh.**

- Aðskilja pólitík frá.
- Aftur, betra efni í slitlag. Heitum dögum fjölgar á sumrin sem veldur blæðingum og talsverðum óþægindum og kostnaði fyrir ökumenn.
- Áætla þróun umferðar og umferðarteppa í þéttbýli fram í tímann út frá fólksfjölgun og byggingarframkvæmdum.
- Berjast fyrir tvöföldun hringvegarins.
- Einbeita sér betur að Reykjavík og nágrenni.
- Fá aukið fjármagn.
- Finna leið til að gera stjórnmálamönnum ljóst að það er bráðnauðsynlegt að Vegagerðin fái meira fé í viðhald og nýframkvæmdir.
- Fjármagni.
- Fylgjast betur með umferð og breytingum á álagi á vegi. Skoða spár sem varða ferðamannafjölda og fylgjast með því hvar mestum breytingum á umferð er spáð. Skoða slysatölur og þróun þeirra og nýta forspárgildi þeirra.
- Fylgjast vel með því sem vel er gert erlendis og ráða fleira hæft fólk á þessu sviði.
- Færa siglingahlutann í sérstaka stofnun.
- Hafa meira fé undir höndum.
- Hafa viðeigandi tæki til að vinna með og fjármagn sem og metnað.
- Halda sérstaka fundi m.a. með almenningi um framtíð hvers svvææðis.
- Hef ekki skoðun.
- Hlusta á almenna vegfarendur en ekki þraunga hagsmuna aðila.
- Koma einbeittari að Borgarlínuverkefninu. Þau gera það kannski, en mér finnst hún þurfi að taka betur undir kröfur/nauðsyn um breyttar ferðavenjur.
- Líklega að hafa nægilegu og stöðugufjármagni úr að spila til að geta gert langtímaplön.
- Lofa regnvatni að geta runnið út fyrir vegkanta og niðurfyrir veg til að valda ekki hálku eða svelli að nóttu til.
- Meira fjármagn, þá er hægt að plana lengra fram og nota betri efni.
- Pass.
- Pólitíkin er vandamálið, ekki vegagerðin.
- Sjá fram á að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi.
- T.d. fleiri göng.
- Tel að með auknu fjármagni til Vegagerðarinnar geti starfsfólkið hugað betur að framsýni og verið með nýjustu útfærslur á vegakerfinu.
- Tel að Vegagerðin sé þokkalega framsýn. Endurtek; stofnunin er mjög bundin af framlögum úr ríkissjóði.
- Umhverfisvænni.
- Vegaáætlun þvert á pólitík.
- Veit ekki, fer örugglega eftir fjármagni sem hún hefur.
- Veit ekki.
- Veit ekki. Veit þó að fé skortir til að láta alla drauma rætast.
- Vera opnari fyrir nýjungum í vegagerð.
- Við hönnun vega þyrfti að gera ráð fyrir vaxandi umferðarþunga, sérstaklega ferðamanna. Vegir þyrftu að vera breiðari og stækka vegaxlir og/eða fjölga útskotum þar sem hægt er að stoppa og virða fyrir sér umhverfið án þess að valda hættu í umferðinni.
- Það er náttúrlega allt of hástefnt markmið en þörf á tvöföldun þjóðvegarins er orðin mikil.
- Þetta byggir allt á fjármagni.
- Þetta er svo mikið háð fjárveitingavaldinu.

21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög mikið (5) | 24 | 3,2% |
| Fremur mikið (4) | 142 | 18,7% |
| Í meðallagi (3) | 285 | 37,5% |
| Fremur lítið (2) | 209 | 27,6% |
| Mjög lítið (1) | 63 | 8,3% |
| Alls ekki (1) | 36 | 4,7% |
| Samtals | 758 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 101 | 11,7% |
| Heildarfjöldi svarenda | 859 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 2,71 |
| Vikmörk (±): | 0,07 |
| Staðalfrávik: | 1,00 |






## 21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?

| | Mjög mikið (5) | Fremur mikið (4) | Í meðallagi (3) | Fremur lítið (2) | Mjög lítið (1) | Alls ekki (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 3,2% | 18,7% | 37,5% | 27,6% | 8,3% | 4,7% | 2,71 | 0,07 |
| **Kyn** | | | | | | | | |
| Karl | 3,0% | 19,4% | 35,9% | 28,4% | 9,0% | 4,3% | 2,70 | 0,08 |
| Kona | 3,4% | 17,8% | 39,4% | 26,6% | 7,5% | 5,2% | 2,73 | 0,07 |
| **Aldur** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | 5,8% | 10,1% | 35,6% | 29,8% | 6,5% | 12,2% | 2,55 | 0,04 |
| 30-39 ára | 2,4% | 16,4% | 37,0% | 32,6% | 7,6% | 3,9% | 2,66 | 0,12 |
| 40-49 ára | 1,4% | 17,8% | 40,1% | 27,5% | 9,7% | 3,4% | 2,67 | -0,06 |
| 50-59 ára | 3,9% | 26,9% | 37,3% | 20,7% | 9,1% | 2,1% | 2,92 | 0,23 |
| 60 ára og eldri | 1,9% | 23,6% | 38,1% | 26,5% | 9,0% | 0,9% | 2,81 | 0,05 |
| **Búseta** | | | | | | | | |
| Reykjavík | 3,6% | 21,2% | 33,9% | 25,1% | 8,5% | 7,7% | 2,71 | 0,10 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 2,6% | 17,2% | 38,3% | 25,8% | 11,2% | 4,8% | 2,64 | 0,04 |
| Önnur sveitarfélög | 3,1% | 17,0% | 40,8% | 31,5% | 6,0% | 1,6% | 2,77 | 0,07 |

21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?

| | Mjög mikið (5) | Fremur mikið (4) | Í meðallagi (3) | Fremur lítið (2) | Mjög lítið (1) | Alls ekki (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 3,2% | 18,7% | 37,5% | 27,6% | 8,3% | 4,7% | 2,71 | 0,07 |
| **Kjördæmi** | | | | | | | | |
| Reykjavík-Norður | 5,0% | 21,9% | 29,9% | 26,5% | 8,7% | 8,1% | 2,72 | -0,01 |
| Reykjavík-Suður | 1,8% | 20,2% | 39,5% | 23,1% | 8,3% | 7,1% | 2,70 | 0,22 |
| Suðvestur | 2,6% | 17,2% | 38,3% | 25,8% | 11,2% | 4,8% | 2,64 | 0,04 |
| Norðvestur | 1,4% | 23,2% | 46,8% | 24,7% | 4,0% | | 2,93 | 0,27 |
| Norðaustur | 4,6% | 21,6% | 39,5% | 26,3% | 6,8% | 1,2% | 2,88 | 0,06 |
| Suður | 2,6% | 11,1% | 39,6% | 38,2% | 6,1% | 2,5% | 2,61 | 0,03 |
| **Menntun** | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 2,3% | 15,8% | 43,8% | 24,5% | 9,8% | 3,7% | 2,69 | 0,31 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmen.. | 2,4% | 19,3% | 35,2% | 27,4% | 8,8% | 7,0% | 2,65 | 0,04 |
| Háskólapróf | 2,5% | 19,2% | 38,2% | 28,6% | 7,9% | 3,6% | 2,72 | 0,00 |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 5,6% | 7,6% | 37,6% | 27,5% | 8,0% | 13,7% | 2,48 | -0,10 |
| 400-549 þúsund | | 14,5% | 42,7% | 25,6% | 10,2% | 7,1% | 2,54 | -0,12 |
| 550-799 þúsund | 1,5% | 23,0% | 43,7% | 21,1% | 6,2% | 4,5% | 2,83 | 0,21 |
| 800 þúsund eða hærri | 2,9% | 21,4% | 33,4% | 30,3% | 10,0% | 2,0% | 2,73 | 0,07 |

21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?

| | Mjög mikið (5) | Fremur mikið (4) | Í meðallagi (3) | Fremur lítið (2) | Mjög lítið (1) | Alls ekki (1) | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 3,2% | 18,7% | 37,5% | 27,6% | 8,3% | 4,7% | 2,71 |

Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?

| | Mjög mikið (5) | Fremur mikið (4) | Í meðallagi (3) | Fremur lítið (2) | Mjög lítið (1) | Alls ekki (1) | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jákvæð(ur) | 6,5% | 24,3% | 33,0% | 26,1% | 6,5% | 3,5% | 2,91 |
| Í meðallagi | 0,6% | 15,6% | 45,2% | 26,7% | 8,3% | 3,7% | 2,66 |
| Neikvæð(ur) | 1,1% | 12,6% | 29,7% | 33,1% | 13,0% | 10,4% | 2,35 |

## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 310 | 43,4% |
| Nei | 404 | 56,6% |
| Samtals | 714 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 145 | 16,9% |
| Heildarfjöldi svarenda | 859 | 100,0% |




Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.



maskína

## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?




Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.

VEGAGERÐIN

## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?



## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?



## 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög ánægð(ur) (5) | 36 | 6,0% |
| Fremur ánægð(ur) (4) | 192 | 31,6% |
| Í meðallagi (3) | 344 | 56,7% |
| Fremur óánægð(ur) (2) | 27 | 4,5% |
| Mjög óánægð(ur) (1) | 7 | 1,2% |
| Samtals | 607 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 252 | 29,3% |
| Heildarfjöldi svarenda | 859 | 100,0% |

Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 3,37 |
| Vikmörk (±): | 0,06 |
| Staðalfrávik: | 0,70 |






# 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

| | Mjög ánægð(ur) (5) | Fremur ánægð(ur) (4) | Í meðallagi (3) | Fremur óánægð(ur) (2) | Mjög óánægð(ur) (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 6,0% | 31,6% | 56,7% | 4,5% | 1,2% | 3,37 | 0,06 |
| **Kyn** | | | | | | | |
| Karl | 6,4% | 31,1% | 54,7% | 5,9% | 2,0% | 3,34 | 0,11 |
| Kona | 5,4% | 32,3% | 59,3% | 2,7% | 0,3% | 3,40 | 0,00 |
| **Aldur** | | | | | | | |
| 18-29 ára | 10,5% | 14,6% | 70,3% | 2,5% | 2,1% | 3,29 | 0,03 |
| 30-39 ára | 5,0% | 33,9% | 58,0% | 3,1% | | 3,41 | 0,15 |
| 40-49 ára | 0,7% | 30,5% | 59,9% | 7,0% | 2,0% | 3,21 | -0,11 |
| 50-59 ára | 8,1% | 37,3% | 50,6% | 4,0% | | 3,49 | 0,14 |
| 60 ára og eldri | 5,2% | 42,5% | 44,7% | 5,8% | 1,8% | 3,44 | 0,09 |
| **Búseta** | | | | | | | |
| Reykjavík | 4,4% | 31,9% | 59,5% | 3,8% | 0,3% | 3,36 | 0,04 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 9,3% | 29,5% | 57,2% | 1,3% | 2,7% | 3,41 | 0,10 |
| Önnur sveitarfélög | 5,1% | 32,8% | 53,7% | 7,3% | 1,1% | 3,34 | 0,04 |

Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.

23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

| | Mjög ánægð(ur) (5) | Fremur ánægð(ur) (4) | Í meðallagi (3) | Fremur óánægð(ur) (2) | Mjög óánægð(ur) (1) | | Þróun frá september 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heild | 6,0% | 31,6% | 56,7% | 4,5% | 1,2% | 3,37 | 0,06 |
| **Kjördæmi** | | | | | | | |
| Reykjavík-Norður | 4,2% | 28,6% | 63,3% | 3,9% | | 3,33 | -0,02 |
| Reykjavík-Suður | 4,8% | 36,3% | 54,5% | 3,7% | 0,8% | 3,41 | 0,12 |
| Suðvestur | 9,3% | 29,5% | 57,2% | 1,3% | 2,7% | 3,41 | 0,10 |
| Norðvestur | 1,6% | 28,9% | 60,7% | 8,9% | | 3,23 | -0,04 |
| Norðaustur | 8,7% | 34,6% | 51,6% | 4,0% | 1,1% | 3,46 | 0,01 |
| Suður | 3,9% | 33,1% | 52,4% | 9,2% | 1,4% | 3,29 | 0,14 |
| **Menntun** | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 14,4% | 25,8% | 51,6% | 4,3% | 3,8% | 3,43 | 0,26 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmen.. | 2,9% | 34,9% | 53,5% | 7,2% | 1,5% | 3,30 | 0,06 |
| Háskólapróf | 4,5% | 31,5% | 61,8% | 2,0% | 0,3% | 3,38 | -0,03 |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 3,9% | 26,7% | 61,2% | 4,9% | 3,2% | 3,24 | 0,03 |
| 400-549 þúsund | 2,3% | 39,3% | 52,2% | 6,3% | | 3,38 | -0,04 |
| 550-799 þúsund | 4,8% | 36,8% | 52,8% | 4,4% | 1,2% | 3,40 | 0,09 |
| 800 þúsund eða hærri | 8,0% | 27,3% | 60,0% | 3,5% | 1,2% | 3,38 | 0,08 |

## 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

